

Mál nr. 44/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækja.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarmat. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 31. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 24. febrúar 2022.
3. Niðurstaða Tjónanefndar váttryggingafélaganna dags. 11. janúar 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreið A og B við Sunnubraut í Reykjanesbæ. Ökumenn bifreiðanna gerðu ekki sameiginlega tjónaskýrslu vegna atviksins og ekki liggur fyrir lögregluskýrsla vegna atvika. Ekki liggur heldur fyrir sjálfstæð lýsing ökumanna af atvikum heldur einungis tjónstilkynningar eigenda bifreiðanna, feðra ökumanna.

Í tjónstilkynningu M (eiganda bifreiðar A) kemur fram að ökumaður bifreiðar A hafi verið að aka út af bílastæði og þegar hún hafi verið að mæta bíl hafi hún sveigt frá en bíllinn sem á móti hafi komið hafi runnið beint á bifreið A. Í málskoti kemur fram að ökumaður bifreiðar A hafi beygt til vinstri þar sem hún taldi sig ekki geta beygt til hægri vegna kants sem þar hafi verið. M bendir á að hann hafi ekki fengið myndefni úr eftirlitsmyndavélum sem ná yfir svæðið þar sem árekstur varð.

Í tjónstilkynningu eiganda bifreiðar B kemur fram að ökumaður bifreiðar B hafi verið að aka Sunnubraut til norðurs þegar bifreið A hafi komið á móti og ökumönnum þá fipast vegna hálfu og hafi ekki getað stöðvað bifreiðarnar þess vegna. Í tjónstilkynningunni kemur einnig fram að ökumaður bifreiðar A hafi sagt ökumanni bifreiðar B að sá ökumaður hafi ekið gegn einstefnu, en við athugun á vettvangi séu engin merki um einstefnu.

Niðurstaða Tjónanefndar váttryggingafélaganna í máli nr. 15/22 var sú að öll sök var lögð á ökumann bifreiðar A fyrir að beygja til vinstri yfir á öfuga akstursleið.

Álit.

Eins og málið er lagt fyrir nefndina verður ekki séð að einstefna sé fyrir akstursleið annars ökumanns á vettvangi. Bifreiðar A og B virðast hafa verið að mætast og á þeim hvíldi skylda til að haga ökuhraða m.v. aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra, sbr. 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og skal ökumaður haga akstri þannig að hann hafi fullt vald á bifreið og geti stöðvað það á þeim hluta vegar sem fram undan er og hann sér yfir og áður en komið er að hindrun. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að hvorugur ökumanna hafi gætt þessa nægilega vel. Lýsingar af aðdraganda árekstursins benda til þess að bifreið A hafi verið ekið til vinstri í veg fyrir bifreið B, en bifreið B hafi runnið áfram í hálfu án þess að geta stöðvað. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu verður ekki lögð meiri sök á annan ökumann heldur en hinn og skiptist hún því til helminga milli þeirra.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiðanna A og B.

Reykjavík, 29. mars 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson